



NAUSTASKÓLI

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Starfsáætlun 2018-2019

4. og 5. bekkur

Elín Hulda Einarsdóttir

Emilía Guðjónsdóttir

Katrín Júlía Pálmadóttir

Paula Maria Pálsdóttir

Sunna Friðþjófsdóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Námsumhverfi og skipulag 4. og 5. bekkjar	3
Námsgreinar	3
Stærðfræði	3
Íslenska/lestur	3
Enska.....	4
Upplýsingatækni / áhugasvið	4
Jákvæður agi.....	4
Þema.....	4
Foreldrasamstarf	4
Teymisvinna.....	5

Námsumhverfi og skipulag 4. og 5. bekkjar

Umsjónarhóparnir eru fjórir og skiptast nokkurn vegin jafnt á milli umsjónarkennara. Tveir umsjónarkennarar kenna 4.bekk og tveir kenna 5.bekk. Hverjum bekk er kennt sér í öllum greinum fyrir utan samkenndu árganganna sem er tvisvar sinnum í viku.

Unnið verður í stærðfræði a.m.k fjóra daga vikunnar þar sem ýmist er unnið eftir áætlun eða innlögnum og öðrum verkefnum. Í ensku verður unnið í smærri hópum eftir þörfum. Einnig verður enskukennsla í hringekju þar sem fjölbreytt verkefni verða unnin. Einnig munum við vinna að þeim þar sem fléttað er saman íslensku, samfélags- og náttúrufræði. Þemað er að hluta til unnið í hringekju í samkenndu og hins vegar í hvorum bekk fyrir sig. Í íslensku vinna nemendur samkvæmt ársáætlun. Unnið er í fjölbreyttum hópum eftir viðfangsefni hverju sinni.

Í vetur verða bekkjarfundir tvisvar í viku þar sem spjallað verður um líðandi stundir og farið yfir verkefni jákvæðs aga ásamt því að leysa ýmis mál sem upp koma. Á föstudögum er söngsalur með Ívani Mendez frá Tónlistarskóla Akureyrar.

Áhersla verður lögð á að gera námsmarkmið sýnileg í kenndu og verða markmið rædd í upphafi hverrar lotu/þema og þeim haldið á lofti. Í lokin verður rætt við nemendur um hvernig tókst að ná settum markmiðum og þau metin. Við munum leggja okkur fram við að mæta þörfum hvers og eins nemenda í viðfangsefnum hverju sinni t.d. með því að hafa misþung verkefni og skipta upp í hópa eftir þörfum þeirra ásamt því að útbúa einstaklingsnámsskrár fyrir þá sem þurfa. Fjölbreyttar kennsluáðferðir og mismunandi nálgun á viðfangsefni.

Námsgreinar

Stærðfræði

Í stærðfræði er unnið í lotum út frá markmiðum annarinnar. Í upphafi hverrar lotu eru innlagnir og vinna nemendur að sömu markmiðum á mismunandi hátt. Nemendur taka könnun í lok hverrar lotu þar sem markmið verða færð inn í mentor undir hæfnikort nemenda.

Íslenska/lestur

Í íslensku er unnið út frá áætlun sem unnin er út frá markmiðum aðalnámsskrár. Unnið í fjölbreyttum hópum. Allt eftir viðfangsefni og þörfum nemenda til að ná sínum markmiðum. Yndislestri er reynt að koma við á hverjum degi. Nemendur verða þjálfaðir í upplestri og framsögn. Því lýkur með lokahátíð „Litlu upplestrarkeppninnar“ hjá 4. bekk sem haldin verður hér í skólanum á vordögum.

Enska

Enska er kennd í árgangaskiptum hópum sem síðan er skipt í aðra hópa eftir viðfangsefnum og þörfum nemenda. Áhersla er lögð á að kenna grunnorðaförða daglegs lífs, tjáningu og hlustun. Sjá í ársáætlun. Þá eru margvísleg verkefni lögð fyrir í hringekju sem og þarfaskiptum hópum.

Upplýsingatækni / áhugasvið

Upplýsingatækni er samþætt við þemavinnu nemenda þar sem þeir fá tækifæri til að spreyta sig á vinnu í tölvu, bæði á far- og spjaldtölvum. Nemendur skrifa t.d sögu, fræðitexta og/eða upplýsingatexta í ritvinnslu. Einnig fá nemendur tækifæri á að kynnast Google leitarvélinni í þeim tilgangi að afla sér upplýsinga um eitthvað ákveðið viðfangsefni tengt vinnu þeirra.

Jákvæður agi

Í vetur verða bekkjarfundir tvisvar í viku þar sem unnið verður eftir áætlun jákvæðs aga. Meðal annars útbúinn bekkjarsáttmáli, lausnahjól og skipt í hlutverk. Spjallað um líðandi stundir ásamt því að leysa ýmis mál sem upp kunna að koma. Með þessu myndast tækifæri fyrir kennara og nemendur til að eiga gott spjall um nám og líðan.

Þema

Tekin verða fyrir nokkur þemu í vetur sem unnin verða að mestum hluta í hringekju í samkenndu. Einnig er unnið í þema í hvorum árgang fyrir sig. Unnið verður með eftirfarandi þemu í eftirfarandi röð:

- Íslandsþema
- Jólþema
- Blái hnötturinn
- Árshátíðarþema
- Fuglaþema

Foreldrasamstarf

Foreldrar verða boðaðir í skólann nokkrum sinnum yfir veturinn. Foreldraviðtöl eru tvisvar sinnum yfir veturinn, að hausti og að vori. Einnig verður kynningarfundur þar sem farið verður yfir námsefni/námsleiðir/áætlanir. Vikupóstar með fréttum og ástundun verða sendir í tölvupósti vikulega. Við leggjum áherslu á að heimalestri sé sinnt daglega. Óski foreldrar eftir

frekara heimanámi fyrir sín börn hafa þeir samband við umsjónarkennara. Eins hafa kennarar samband við foreldra ef þeir vilja óska eftir samstarfi við heimilin.

Teymisvinna

Kennarateymi vetrarins er skipað af fjórum umsjónarkennurum, einum stoðkennara og tveimur stuðningsfulltrúum. Unnið er út frá eftirtöldum markmiðum fyrir teymiskennslu samkvæmt stefnu skólans, en þau eru:

- markvissir bekkjarfundir tvisvar í viku
- hlutverkaleikir og leikir notaðir á bekkjarfundum og í allri kennslu
- nemendaviðtöl tvisvar á skólaári
- stundvísi nemenda og starfsmanna og tíminn í skólanum nýttur vel
- skólasáttmálinn kynntur og haldið á lofti í vetur
- nemendur og starfsfólk temji sér snyrtilega umgengni sama hvar þau eru stödd
- viðmið um hegðun séu skýr og farið sé eftir þeim, starfsfólk sé samstíga í vinnu sinni
- nemendur fá tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt og starfshætti í skólanum
- reyna að tengja áhugasvið nemenda við nám þeirra
- nemendur séu meðvitir um þau markmið sem verið er að vinna að hverju sinni

Teymið setur sér eftirfarandi markmið í vetur:

- eiga árangursríkt og frjótt samstarf
- vera hvetjandi og hjálpsöm
- ná góðum tókum á verkfærum JA og deila þeim til nemenda
- að fylgja verkefnum eftir frá upphafi til enda
- efla okkur í tímastjórnun og skipulagi
- vera lausnamiðuð

Teymið fundar með stjórnanda á miðvikudögum ásamt því að hafa skipulagsfundi á mánudögum. Kennarafundir / nefndarstörf eru annan hvern þriðjudag og annan hvern föstudag eru Starfsmannafundir. Hlutverk teymisformanns og föstudagspósts rúlla á milli umsjónarkennara.

Lögð er áhersla á að eiga góð samskipti við alla starfsmenn skólans. Einnig verða reglulegir samráðsfundir milli teyma í skólanum. Á þessum fundum munum við ræða málefni líðandi stundar og samstarfsverkefni.

Ársáætlun 2018- 2019 Bekkur: 4.-5. bekkur Kennarar: Elin, Sunna, Emilía, Katrín og Paula					
	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
Þemu (nátt, samf, uppl.mennt)	Lífsleikni	Barnasáttmálinn/ Íslandsþema	Íslandsþema Haustfrí	Íslandsþema	Jólaþema
Íslenska	4.-5. bekkur. Lesskilningur Lestur Stafsetning 5. bekkur Ng og nk reglan	Lestrarprófun Orðarún 4.-5. bekkur Stór og lítill stafur Lestur og ritun Stafsetning Uppbygging texta Bragfræði 5. Bekkur Samræmd próf 4. bekkur	4.-5. bekkur Nafnorð kyn og tala Lestur og ritun Stafsetning Uppbygging texta	4.-5. bekkur Minn og mín reglan Lestur og ritun Stafsetning Spurnarorð hv- orð	4.-5. bekkur Tvöfaldur samhljóði Greinir 5. bekkur Lestur og ritun Stafsetnin g Lestur og ritun
Stærðfræði	4.b Talnaskilningur 23. ág.-23. sept 5.b Talnaskilningur 23. ág. – 30. sept.	4.b Samræmd próf Talnaskilningur 1.-23. Sept 5.b Talnaskilningur til 30.sept.	4.b Samlagning og frádráttur 4.b 26. sept-14. okt Hnitakerfið 4.b 17. okt -4. nóv 5.b Rúmfræði 1.okt.-11.nóv.	4.b Hnitakerfi 4. B 17. okt – 4. Nóv. Rúmfræði 4.b 8. nóv -2. des 5.b Rúmfræði til 11.nóv Margföldun og deiling 14.nóv.-19.jan.	4.b Margföldun og deiling 5.- 14. Des 5.b Margföldun og deiling 1.des.- 19.jan.

Tungumál		Enska – orðaforði: heilsa og kveðja, tölur og litir Tjáning og hlustun	Enska – orðforði: fót og líkamspartar Tjáning og hlustun	Enska – orðaforði: fjölskylda, dagar, mánuðir, árstíðir og veður Tjáning og hlustun	Jólaenska Tjáning og hlustun
Íþróttir	Göngutúrar og hlaup um nærumhverfi – Leikir og boltaíþróttir á leikvelli skólans	Útiíþróttir, leikir, hlaup og göngutúrar í nærumhverfi skólans. Bandý og spaðaiþróttir	Blak og boltaleikir í formi stöðvahringja og leikja. Bardagaíþróttir og dans.	Danskynning frá dansskóla. Körfuboltaþema – Körfuboltamiðaði r leikir og stöðvar.	Leikir og samvinna. Tarsan - leikur.
Sund 4. bekkur	Stórfiskur Dimma limm strútur Frjálst með dót Pottur.	Stöðvar, þvert, handbolti, bringusund, skriðsund, pottur Elt.leikur m/hr	Stöðvar, þvert yfir laug; Skólabaksundfætu r, Brs. Armtök, skrið fætur baksund Pottur	Stöðvar. Kafsund gegnum hringi, gulir korkar, bringa + stunga, skrið + froskalappir	Sund og kyló
Sund 5. bekkur	Þolsund, synda í 7 min. Flöskuboðsund Pottur	Stöðumat samkv námsmati	Hringsund (2.hóp) m/h.hopp, stungu og kafsund, Eltingaleikur	Stöðvar, bringa , skriðsund , bak + flugsundsfætur, marvaði, pottur.	Leikjatími , stórfiskur, spilaleikur
Jákvæður agi	Bekkjarsáttmál i Að mynda hring Lausnarstaður Griðarstaður	Bekkjarsáttmál i Að mynda hring Sjálfsstjórn Störfin í bekknum Lausnarhjól	Sjálfsstjórn Rútínur Að virða fjölbreytileikann Samskiptafærni Að æfa hrós og hvatningu	Samskiptafærni Samvinna Hvatning Rútínur	Samskipta - færni Samvinna Hvatning

Ársáætlun 2018 - 2019			Bekkur: 4.-5. bekkur		
Kennarar: Paula, Elín, Emilía, Katrín og Sunna					
	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái/júní
Þemu (nátt, samf, uppl.menn t)	Blái hnötturinn	Blái hnötturinn	Árshátíðar þema Vetrarfrí	Fuglar Árshátíð Páskafrí	Fuglar
Íslenska	4.-5. Bekkur Lestrarprófun Orðarún Lesskilningur Nafnorð -greinir og fallbeyging Lestur og ritun	4.-5. bekkur Tvöfaldur samhljóði Lesskilningur Lestur og ritun	4.-5. bekkur Lestur og ritun	4.-5. bekkur Sagnorð Lestur og ritun	4.-5. bekkur Sagnorð Tvöfaldur samhljóði 4. b upplestrarhátíð Lestur og ritun
Stærðfræði	4.b Margföldun og deiling 4. jan-18. jan 5.b Margföldun og deiling til 19. jan Tölfræði 25.jan.-10.feb.	4.b Margföldun og deiling til 18. jan-13. feb Tölfræði 13.-24. feb 5.b Tölfræði til 10. Feb. Almenn brot 13.feb.-17.mars	4.b Almenn brot 27. feb. - 17. mars Tími og klukka 20. mars - 19. apríl 5.b Almenn brot 1.-17.mars Tugabrot	4.b Tími og klukka til 19. apríl Tugabrot og mælingar 24. apríl – 24. maí 5.b Tugabrot 1.apríl-26.maí	4.b Tugabrot og mælingar til 26. maí 5.b Tugabrot til 26. maí

			16.mars- 26.maí		
Tungumál	Enska – orðaforði: matur og drykkur Tjáning og hlustun	Enska – orðaforði: dýr og tilfinningar Tjáning og hlustun	Enska – orðaforði: tími og heimilið Tjáning og hlustun	Enska – orðaforði: áhugamál Tjáning og hlustun	Enska – málfræði Tjáning og hlustun
Íþróttir	Handbolti – kynning frá handboltadeildin ni. Stöðvar. Leikir og spil.	Fimleikar – kynning frá fimleikadeildinn i. Þrek, stöðvar og fleira. Boltaíþróttir – farið í ýmsar boltagreinar.	Frjálsar íþróttir – sett fram í stöðvum, kynningu á greinum og fleira.	Útiíþróttir – frjálsar íþróttir, útihlaup og fleira.	Útiíþróttir – hjólreiðar og fótbolti.
Sund 4. bekkur	Æfingar, stunguæfingar + kaf + bringa, skólabaksundsfætur pottur	Stöðumat; sjá námsmat Boðsund	Þolsund: Flöskuboðsun d.	Sund og Slönguspil. Námsmat	Leikja/pottur. Stórfiskur, strútur, kafhringir, frjálst m/dót, bolti.
Sund 5. bekkur	Frjálst sund í 8 mínútur Kýló pottur	Stöðvar, bringusund, skrið, bak, skólabak. pottur	Æfingar; taktur í sundi + stungur, köfun. Pottur/leikur	Flugsundsæfing ar m/froskalöppum + Skólabaksund. Námsmat	Sund og kýló
Jákvæður agi	Rútínur Bekkjarsáttmáli (upprifjun) Að virða fjölbreytileikann	Bekkjarfundir Að æfa hrós og hvatningu Lausnaleit	Að æfa hrós og þakkir Lausnaleit	Að virða fjölbreytileikann Að skilja ástæður mismunandi hegðunar	Að virða fjölbreyti – leikann Að skilja ástæður

	Rúttínur		Sjálfsstjórn		mismunandi hegðunar
--	----------	--	--------------	--	---------------------

Verkgreinar	Heimilisfræði:	<u>Textílmennt:</u>	<u>Myndmennt:</u>	Hönnun og smíði:	
Nemendur rúlla á milli list og verkefna. Eru 8-10 vikur í hverri smíðju	Nemendum er kennt að matreiða fjölbreyttan hversdagsmat og baka úr mismunandi hráefnum. Kennslan er bæði bókleg og verkleg, þar sem fjölbreyttir þættir eru tengdir saman eins og matreiðsla, bakstur, hreinlæti og þrif.	Nemendur vinna með með útsaum í java og læra mismunandi gerðir af útsaumssporum. Setja í rennilás og gangafrá verki í saumavélinni	Stuðlað að þróun skapandi hugsunar og ímyndunarafls og að kynna fyrir þeim margvíslegar aðferðir og efnivið sem og hugtökum og heitum í myndmennt.	Nemendur kynnast ýmsum aðferðum eins og leirmótun og tálgun. Þau hanna, saga, pússa og mála. Þau læra nýjar aðferðir í samsetningu hluta.	